

## AUGLÝSING

### deiliskipulags fyrir Sigurðarskála í Kverkfjöllum í eigu Ferðafélags Fljótsdalshéraðs.

Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs samþykkti þann 1. mars 2006 deiliskipulag fyrir Sigurðarskála í Kverkfjöllum. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir að auk skálans sem er á svæðinu og snyrtiaðstöðu geti risið gestastofa allt að 90 m<sup>2</sup> að flatarmáli auk lítillar íbúðar fyrir starfsmann. Gert er ráð fyrir að tjaldstæðið verði stækkað til vesturs og norðurs, eða í um 2.800 m<sup>2</sup>. Umhverfis tjaldstæðið er gert ráð fyrir litlum gististofum, allt að 16 m<sup>2</sup> hver, fjöldi þeirra gæti orðið allt að 12. Þá er gert ráð fyrir allt að 60 m<sup>2</sup> þjónustuhúsi við norðvesturhorn tjaldsvæðisins. Bílastæði eru stækkuð frá því sem nú er og er gert ráð fyrir að þau verði afmörkuð með grjóthleðslum. Jafnframt er gert ráð fyrir að við tjaldsvæðið verði komið upp upplýsingaskilti um aðstöðuna og um Kverkfjallasvæðið.

*Fljótsdalshéraði, 15. mars 2007.*

**Ómar Þröstur Björgólfsson,**  
skipulags- og byggingarfulltrúi Fljótsdalshéraðs.

---

B-deild – Útgáfud.: 2. maí 2007